



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

## Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Þórunnartúni 6, Þriðjudaginn 13. ágúst 2019 kl. 16:30.

(Fundur nr. 11. frá Hellu)

*Mætt: Laufey Hannesdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson, Jónatan Garðarsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Páll Ingbór Kristinsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).*

### Dagskrá fundar

#### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt án breytinga.

#### 2. Aðalfundur SÍ og undirbúningur

Kristinn H. Þorsteinsson telur að öll dagskrá og undirbúningur aðalfundar sé nú tilbúin. Fór hann yfir dagskrána og lýsti dagskráratriðum nánar.

Formenn nefnda: stungið upp á Sigríði Heiðmundsdóttur (allsherjarnefnd) og Sigurði Einarssyni (skógræktarnefnd).

Ritarar: Guðríður Helgadóttir og Reynir Þorsteinsson.

#### 3. Starfsmannamál

Ráða þarf starfsmann í stað Einars Gunnarssonar. Haft hefur verið samband við Einar Örn Jónsson sem hefur áður unnið fyrir félagið og er hann tilbúinn að koma til starfa.

Jón Ásgeir tekur að sér umsjónarhlutverk með Kolviði og Landgræðsluskógum. Ragnhildur tekur að sér skjalavörslu og

prókúru hjá Kolviði auk Yrkju, en Einar mun taka að sér sjálfboðaliðana (frá Jóni Ásgeiri), auk ritstjórnar (Laufblaðið, Skógræktarritið). Vegna mikilla anna hjá Kolviði gæti á næsta ári þurft að ráða mann til starfa og gæti Narfi Hjartarson komið vel til greina, þegar hann lýkur skógræðinámi við LbhÍ.

#### ***4. Tré Ársins***

Beðið er um myndir af þeim trjám sem helst kemur til greina að tilnefna sem tré ársins. Atkvæði verða greidd með tölvupósti.

#### ***5. Skipan í stjórn Kolviðar***

Einar Gunnarsson sat, ásamt Jónatani, í stjórn Kolviðar. Jónatan leggur til að Brynjólfur setjist í stjórn Kolviðar í stað Einars. Samþykkt af stjórn.

#### ***6. Önnur mál***

Rætt var um tilnefningar til heiðursviðurkenninga SÍ 2019.

Fleira var ekki gert.